

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

337. fundur

Föstudaginn 12. mars 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Áhættumat
2. Niðurstöður árangursmats
3. Árs/aðalfundur Strætó
4. Útvistunarmál
5. Vinnustaðgreining
6. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk
7. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Áhættumat.

Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála, kom á fundinn og fór yfir áhættustýringarskjal og áhættustefnu Strætó. Búið er að uppfæra áhættustýringarskjal og yfirfara með stjórnendum. Enn er áhætta á að rekstrar- og fjárfestingaráætlun ársins gangi ekki eftir og hefur áhætta tengd aldri vagnaflota Strætó aukist.

2. Niðurstöður árangursmats

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála, kynnti niðurstöðu árangursmats stjórnar.

3. Árs/aðalfundur Strætó.

Ákveðið að í ljósi samkomutakmarkana að fresta ársfundi Strætó 2021 til haustsins.

4. Útvistunarmál

Fyrir fundinum lá vinnuskjal stjórnenda Strætó bs. um útvistun á akstri og næstu skref í því máli. Stjórn leggur til að málið verði tekið til nánari og áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

5. Vinnustaðgreining

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs, fór yfir niðurstöður vinnustaðgreiningar sem gerð var meðal starfsmanna Strætó í febrúar 2021 ásamt næstu skrefum í tengslum við hana.

6. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Tilboð voru opnuð þann 11. febrúar 2021 í EES útboði Strætó bs. nr. 15073 á verkefninu *Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – Rammasamningur um akstur með fatlað fólk og aldraða einstaklinga með leigubifreiðum*.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Mannviti dagsett 10. mars 2021 vegna yfirferðar á tilboðum. Eitt tilboð barst í verkefnið, frá Hreyfli og hljóðaði það upp á 95,9% af kostnaðaráætlun.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Hreyfil á grundvelli tilboðs þeirra.

7. Önnur mál

Formaður stjórnar óskaði eftir umræðu um aðgengismál fólks með fötlun í kjölfar atviks þar sem ekki reyndist unnt að nota hjólastólaramp strætisvagns.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi aðgengis fólks með fötlun og felur framkvæmdastjóra að leggja fram greinargerð þess efnis á næsta stjórnarfundi.

Fundi slitið kl. 13:00.

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason